

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/634 frá 15. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag, færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey og skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn mjólkurafurðir, sem gerð er krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki, til Sambandsins.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1692 frá 21. september 2021 um breytingu á V., XIV. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Botsvana í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti og kjötafurðum af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1937 frá 9. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar komu sendinga af lindýrum og krabbadýrum inn í Sambandið sem ætlunin er að halda til skrauts í lokaðri aðstöðu og um skrá yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra eða hólfi þeirra þáðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1977 frá 12. nóvember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2031 frá 19. nóvember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2107 frá 26. nóvember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2143 frá 3. desember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2240 frá 15. desember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

14. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2291 frá 29. desember 2021 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
15. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/35 frá 6. janúar 2022 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.
16. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/38 frá 12. janúar 2022 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
17. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/80 frá 19. janúar 2022 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið í skránum yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

2. gr.

Ofangreindar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjal 1 og 2 við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

FYLGISKJÖL STOFNREGLUGERÐAR

[Hlekkur á stofnreglugerð með fylgiskjölum í PDF-formi.](#)

[Hlekkur á breytingareglugerð með fylgiskjölum í PDF-formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.